

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 76. fundur haldinn 18. desember 2009 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gunnar Bollason verkefnisstjóri hjá Fornleifavernd ríkisins var gestur fundarins.

**1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar**

Fundur settur kl. 16.00. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

**2. Kynning á skráningu friðaðra minningarmarka**

Gunnar Bollason kynnti skráningu Kjalarnesprófastsdæmis, en hann hefur lokið við að skrifa skýrslu um vinnuna. Hún verður send í prentun fljótlega. Síðan hélt hann stuttan fyrirlestur um aðferðafræðina við skráningu minningarmarkanna.

**3. Deiliskipulag kirkjugarðsins á Naustahöfða á Akureyri**

Smári Sigurðsson kynnti.

**4. Minnisþing af málþingi KGRP og KGSÍ um útfararmál**

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Hann vakti athygli á að ekki hafa komist á reglur um hvernig duftker eru grafin. Slíkar reglur eru nauðsynlegar og var samþykkt á málþinginu að leggja málið fyrir Handbókarnefnd.

**5. Draugagöngur í kirkjugörðum**

Kristín Huld vildi fá álit ráðsins á því hvort það ætti að álykta vegna draugagöngu í Hólavallagarði sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum. Ráðið fól Kristínu að semja almenna ályktun sem ráðinu yrði send.

**6. Kynning á framkvæmdum við Þingvallakirkjugarð – Guðmundur Rafn Sigurðsson**

Þar hefur verið unnið við endurbætur á aðkomu að kirkju og kirkjugarði.

**7. Næsti fundur**

Fundir ársins 2010 voru ákveðnar. Þeir verða 8. febrúar, 8. mars, 12. apríl, 10. maí, 14. júní, 9. ágúst, 13. september, 11. október og 1. nóvember.

**8. Önnur mál**

Engin.

Fundi slitið kl. 17:30.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari